

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menntunarsjóð bílgreina.

Bílgreinasambandið og Biliðnafélagið hafa stofnað sjóð til að sinna fræðslumálum bílgreina. Um sjóðinn gildir eftirfarandi skipulagsskrá:

1. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og heitir Menntunarsjóður bílgreina. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru Bílgreinasambandið og Biliðnafélagið. Stofnfé sjóðsins er kr. 453.000, – fjögur hundruð fimmtíu og þrjú þúsund 00/100, og skal það mynda höfuðstól sjóðsins. Rekstrartekjur geta verið m.a. vaxtatekjur, frjáls framlög m.a. í formi tækja, búnaðar og kennslugagna ásamt söluhagnaði eigna.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. Að styðja fræðslustarf í bílgreinum m.a. með því að leggja til tæki, búnað og kennslugögn sem notuð verða við starfsnám.
2. Að hafa umsjón með framlagi sjóðsins til starfsnáms í bílgreinum.
3. Að stuðla að aukinni menntun í bílgreinum.
4. Að styrkja rannsóknir og nýjungar tengdar bílum.
5. Að efla starfsemi, sem eykur tengsl skóla og atvinnulífs.
6. Að styrkja efnilega nemendur til framhaldsnáms og veita viðurkenningu þeim, sem skara fram úr í námi í bílgreinum.
7. Að styrkja verkefni, sem stuðla að bættu umferðaröryggi og umferðarmenningu.

4. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð 4 mönnum. Stjórn Bílgreinasambandsins kýs 2 fulltrúa til tveggja ára og stjórn Biliðnafélagsins kýs aðra 2 til tveggja ára. Í fyrsta sinn er annar fulltrúi þessara tveggja aðila kosinn til eins árs og hinn til tveggja ára. Stjórnin kýs sér formann og ritara. Stjórnin heldur fundi svo oft, sem þörf krefur þegar formaður eða tveir stjórnarmenn óska þess.

Varastjórnendur skulu tilnefndir með sama hætti og aðalstjórnendur.

Fundur stjórnar telst lögmætur ef meirihluti stjórnar situr fund og til hans hefur verið boðað með lögmætum hætti.

Færa skal til bókar alla ákvarðanir stjórnarinnar. Fjöldi atkvæða ræður úrslitum allra mála, sem stjórninni er falið að ráða.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjármunum, rekstri og stjórnun sjóðsins og er í forsvari fyrir hann út á við.

Stjórnin tekur ákvarðanir um fjárfestingar, ráðstöfun úr sjóðnum og mótar stefnu sjóðsins á hverjum tíma í samræmi við stofnskrá þessa, ásamt því að setja sér starfsreglur að öðru leyti.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, sem stýrir daglegri starfsemi í umboði stjórnar og starfar samkvæmt starfslýsingu, sem stjórnin setur honum.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Endurskoðandi sjóðsins skal vera löggiltur endurskoðandi. Reikningana skal leggja fyrir stjórnir BÍlgreinasambandsins og BÍliðnafélagsins, þeir staðfestir af stjórn sjóðsins og sendir Ríkisendurskoðun fyrir 30. júní ár hvert.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal leitast við að ávaxta sjóðinn með bestu fánlegum kjörum á hverjum tíma.

7. gr.

Styrkjum úr sjóðnum skal úthluta samkvæmt ákvörðun stjórnar í samræmi við tilgang stofnunarinnar og starfsreglur stjórnar. Stjórnin getur ákveðið að auglýsa eftir umsóknum til einstakra verkefna.

8. gr.

Kostnaður greiðist af tekjum sjóðsins.

9. gr.

Óheimilt er að breyta skipulagsskrá þessari þannig að í bága fari við yfirlýstan tilgang og markmið sjóðsins en að öðru leyti verða breytingar á skipulagsskránni aðeins gerðar með samþykki stjórnar sjóðsins og stjórnna BÍlgreinasambandsins og BÍliðnafélagsins að undangenginni umsögn Ríkisendurskoðunar og samþykki dómsmálaráðherra.

10. gr.

Ákveði stjórn sjóðsins, með samþykki BÍlgreinasambandsins og BÍliðnafélagsins, að leggja Menntunarsjóð bílgreina niður skulu þeir aðilar, sem tilnefna stjórnarmenn, skipa skilanefnd til að annast uppgjör á sjóðnum og slit hans. Við uppgjörið skal þess gætt að eignir sjóðsins nýtist áfram í sama tilgangi og getið er í skipulagsskrá þessari.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. júlí 1996.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.